

**Nd.**

**817. Breytingartillögur**

**[290. mál]**

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40/1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febr. 1980, lög nr. 20 7. maí 1980 og lög nr. 2 13. febr. 1981.

Frá Sighvati Björgvinssyni, Albert Guðmundssyni,  
Matthíasi Bjarnasyni og Guðmundi J. Guðmundssyni.

1. Á eftir 26. gr. komi ný grein er verði 27. gr. og orðist svo:

Í stað 1. og 2. mgr. 98. gr. laganna komi:

Eigi síðar en 30. júní ár hvert skulu skattstjórar hafa lokið álagningu á skattaðila skv. 95. gr. og eftir því sem við á skv. 3. mgr. 96. gr. og skulu skattstjórar þá semja og leggja fram til sýnis eigi síðar en 15 dögum fyrir lok kærufrests skv. 99. gr. álagningarskrá fyrir hvert sveitarfélag í umdæminu, en í henni skal tilgreina þá skatta sem á hvern gjaldanda hafa verið lagðir skv. lögum þessum. Senda skal hverjum skattaðila tilkynningu um þá skatta sem á hann hafa verið lagðir. Jafnframt skal skattstjóri auglýsa rækilega, m. a. í Lögbertingablaðinu, að álagningu sé lokið svo og hvar og hvenær álagningarskrár liggja frammi. Þá skal skattstjóri senda viðkomandi innheimtumanni ríkissjóðs skrá um þá aðila, sem á hafa verið lagðir skattar, svo og samrit til ríkisskattstjóra og ríkisendurskoðanda.

2. Aftan við ákvæði til bráðabirgða komi ný mgr. er orðist svo:

Ákvæði 1. mgr. 98. gr. varðandi samningu og framlagningu álagningarskrár öðlist ekki gildi fyrr en við álagningu 1982 vegna tekna ársins 1981 og eigna í lok þess árs.